

Listaháskóli Íslands
Leiklistar- og dansdeild
Samtímadansbraut

Ég get allt – stelpan

Ásrún Magnúsdóttir

Leiðbeinandi: Karen María Jónsdóttir

Vorönn 2011

Útdráttur

Það eina sem allar konur heimsins eiga sameiginlegt er að þær eru allar konur. Allar konur sem búa í vestrænu nútímasamfélagi eiga það líka sameiginlegt að vera konur í vestrænu nútímasamfélagi. Í þessu nútímasamfélagi verða til kröfur, sem allar konur finna fyrir. Kröfur um útlit og hegðun í lífi og starfi. Kröfurnar verða til í fjölmiðlum en fjölmiðlar eru einn helsti áhrifavaldur samfélagsins í dag. Kröfurnar eru ýktar og öfgafullar og að mörgu leiti og óraunhæfar að uppfylla. Það er ótrúlegt að þessar kröfur geti haft áhrif á milljónir kvenna, sem eiga það eitt sameiginlegt að vera konur. Uppskrift af einhverju ákveðnu útliti og velgengni í starfi er búin til sem á að höfða til sem flestra. Það er fyrirfram ákveðið hvað er fallett, hvað virkar og hvað er rétt að gera. Veruleikinn sem við lifum í er firrtur að mörgu leiti. Miðlar samfélagsins hafa búið til eftirlíkingu af okkar veruleika. Sem dæmi um þessa eftirlíkingu er eitt helsta afþreyingarefni vestræna heimsins raunveruleikasjónvarpið, þættir um venjulegt fólk sem lifir óraunverulegu lífi. Þessi eftirlíking sem er búin til kallast ofurveruleiki. Ætli ofurveruleikinn og kröfurnar sem gerðar eru nútímakonuna sé eitthvað sem ber að vara sig á?

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1.Kafli. Konan, kynhlutverk, staðal- og kynímyndir	5
1.1 Staðal- og kynímyndir	5
1.2 Kynhlutverk konunnar	6
2.Kafli. Ofurveruleiki	8
2.1 Fjölmíðlar og áhrif þeirra	8
2.2. Ofurveruleiki	8
3.Kafli. Ofurkona í ofurveruleika	10
3.1 Ofurkona	10
3.2 Klámkynslóðin	10
4.Kafli. Leiðbeiningar til lækningar	12
4.1 Afbygging	12
4.2 Texti	13
4.3 Hreyfing	14
4.4 Tónlist	15
Lokaorð	16
Heimildaskrá	17

Inngangur

Það getur reynst erfitt að vera ung kona í vestrænu nútímasamfélagi og þurfa að uppfylla allar þær kröfur sem samfélagið gerir. Unga konan í dag skal vera hamingjusöm, hún skal þó passa sig á því að vera ekki of hamingjusöm svo að hún líti nú ekki út fyrir að vera vitlaus. Hún þarf að hugsa vel um útlitið og kunna að koma vel fyrir, vera til fyrirmyndar bæði í kynþokka og gáfum. Unga konan skal skara fram úr en alltaf gæta hófs. Kröfurnar sem eru gerðar til konunnar eru fullar af þversögnum, þær stangast á hver við aðra og tvístrast í margar áttir.

Dansverkið Leiðbeiningar til lækningar var frumsýnt 4.febrúar 2011 og var umfjöllunarefnið þversagnirnar sem er að finna í kröfum samfélagsins til kvenna.

Kröfurnar eru miklar og ýktar og birtingarmyndirnar finnast víða. Skilaboðin eru allt frá því hvernig konan getur náð velgengni í atvinnulífinu og til þess hvernig hún skal beita sér í kynlífinu, af því tvennt ofantalið er jafn mikilvægt. Unga nútímakonan á að vera ofurkona. Ofurkonan er fullkomin móðir og eiginkona, virk í félagslífinu, kynþokkafull og á framabraut í atvinnulífi.

Hér á eftir verður fjallað um hvernig dansverkið, Leiðbeiningar til lækningar, afbyggði ofurkonu kröfur samfélagsins. Kröfurnar voru teknar úr samhengi og þversögnin gerð sýnileg. Hvar birtast þessar kröfur í samfélaginu og hverjar eru birtingarmyndirnar?

Nútímasamfélagið einkennist af einhversskonar veruleikafirringu og firringin felst að miklu leiti í ýktu og öfgafullu kröfunum sem gerðar eru til almennings. Í ritgerðinni er stuðst við hugmyndir menningarfræðingsins Jean Baudrillards um ofurveruleikann, en samkvæmt honum einkennist nútíminn af ógreinilegum mörkum milli raunveruleika og blekkingar. Auk þess er stuðst við rannsóknir og umfjöllun Anitu Harris, félagsfræðings, um nútímakonuna og hvernig og hvar kröfurnar til hennar birtast og við kenningar Jacques Derrida um afbyggingu.

1.kafli - Konan, kynhlutverk, staðal- og kynímyndir

Anita Harris félagsfræðingur hefur skrifað nokkrar bækur um konur í vestrænum samfélögum og skyldur þeirra og hlutverk. Hún skrifar um nútímakonuna í bók sinni *Future girl; Young Women in the Twenty-first Century*. Hún telur að í dag sé konum lýst þannig að þær séu góðar í því að meðhöndla eigin réttindi án þess að þurfa að stóla á samfélagið, þær eru nýttar sem tákn þjóða og eru afbragðs neytendur. Í gegnum tíðina hefur verið sýnt fram á það að konum gengur alltaf betur og betur að taka áberandi stöður í hinum opinbera heimi og þær taka fullan þátt í uppbyggingu samfélaga sinna. Þessu að þakka er að þær hafa aðgang að góðri menntun, ólíkt því sem þekktist áður fyrr. Harris segir þó að ákveðna mótsögn sé að finna í þessum framförum, á sama tíma og að eldri konum gangi betur í uppbyggingu samfélaganna séu ungu konurnar að einangrast í daglegu lífi. Gleymst er að líta á þær þegar horft er á velgengi kvenna, svo óljóst er hvernig framhaldið verður. Ungu konan hefur það gott í dag af því kynslóðirnar á undan hafa náð langt í kvenréttindabaráttu. Harris spyr hvort hugsanlega verði afturför í baráttu kvenna. (Harris, 2004:64) Ungu konurnar verða að taka við baráttunni, þróunin verður að halda áfram svo ekki verði stöðnun eða afturför.

Á fyrstu áratugum 20.aldarinnar var ríflega þriðjungur kvenna virkur á vinnumarkaði á Íslandi en laun kvenna þó einungis um helmingur af launum karla. (Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Þróunin í þessum efnum hefur verið til hins betra þó að í dag sé barist fyrir sömu hlutunum og í byrjun 20.aldar. Íslendingar þykja standa framarlega í kvenréttindabaráttu en þó vantar enn upp á það að fullkomið jafnrétti náist. Dæmi um það er launamisréttið sem barist er fyrir. VR gerir launakönnun á Íslandi 2010, samkvæmt þeirri könnun eru konur með 15,5% lægri laun en karlar. Heildarlaun karla eru rúmlega 466 þúsund krónur að meðaltali en heildarlaun kvenna tæpar 394 þúsund krónur. (VR, 2010) Launamisréttið er einungis eitt dæmi af því sem barist er fyrir.

1.1. Staðal- og kynímyndir

Staðalímyndir sýna einfaldaða og einsleita skoðun á hóp af fólki. Fyrirfram ákveðið form auðkenna sem verða til með endurtekningum hjá ákveðnum hópum samfélaganna í gegnum söguna. (Bhabaha, 1983) Staðalímyndir vilja oft verða neikvæðar og fordómafullar ímyndir sem oft er barist við að breyta.

Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynfræðingur segir að kynímyndir vísi til ríkjandi hugmynda í samfélaginu um hvað það þýðir að vera karl eða kona og hvaða hlutverki við gegnum sem slík. „Margar og mismunandi kynímyndir finnast í samfélaginu á hverjum tíma. Þær móta sýn samfélagsins á okkur og sýn okkar á samfélagið. Við sem þátttakendur í samfélaginu getum aldrei alfarið snúið baki við eða hafnað ríkjandi kynímyndum. Þær eru hluti af daglegu umhverfi og

menningu okkar og þær eru allstaðar sýnilegar.” (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002) Hvar er helst að finna hugmyndir um staðal- og kynímyndir í dag?

Staðalímynd konunnar er sfbreytileg og teygir sig í allar áttir, hún hefur tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar rétt eins og staðalímyndir gera og kynhlutverk og kynímynd konunnar þróast og breytist með hverju árinu sem líður. Þorgerður segir að fjölmiðlaheimurinn, dagblöð og tímarit, útvarp og sjónvarp séu liðtækir miðlar við að skapa og viðhalda tilteknum kynímyndum og staðalímyndin verði að stórum hluta til í auglýsingum. Það gera þessir miðlar með því að framleiða myndefni og texta, þar sem „eðlileg kynhlutverk“ eru sett á svið, sýnd og staðfest. (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002) Vinsælasta staðalímynd konunnar í gegnum tíðina er hin elskaða og umhyggjusama móðir, en í nútímasamfélagi þykir það ekki nóg. Konan á ekki einungis að vera við eldavélina og hlúa að húsbónda sínum og börnum. Hin elskaða umhyggjusama móðir skal líka verið falleg og kynþokkafull kona sem hefur náð langt í atvinnu- og/eða viðskiptalífínu og lifir fullkomnu kynlífi. (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2002)

Snemma á lífsleiðinni fara konur að finna fyrir kröfunum sem þær þurfa að uppfylla til þess að passa rétt inn í samfélagið. Unglingsstúlkur hafa heiminn í höndum sér og skulu alls ekki kasta því á glæ. Staðalímyndir sem birtast í fjölmiðlum samtímans segja að konur skuli vera virkar, sjálfstæðar, fullar af drifkrafti, kynferðislega öflugar og alltaf til í allt. (Harris, 2004:22) Það er nauðsynlegt að vera gagnrýnin á staðalímyndirnar og hvaða merking er tengd þeim kynímyndum sem haldið er á lofti. Gagnrýnin er mikilvæg vegna þess hve fordómafull staðalímyndin getur orðið og þannig haft neikvæð áhrif á ungar konur. Ímyndin verður of öfgafull, yfirborðskennd og óraunsæ að uppfylla svo að unglingsstúlkur geta fengið minnimáttarkennd gagnvart kynhlutverki sínu.

1.2.Kynhlutverk konunnar

Harris veltir fyrir sér hlutverki hinnar ungu stúlku í vestrænu samfélagi í bók sinni *Future Girl*. Hún segir að skilaboð til ungra kvenna segi þeim að þær skuli búa til eigin velgengni og þurfi að taka persónulega ábyrgð á því ef að eitthvað fari úrskeiðis. Þær eigi að ná frama í starfi, vera góðar mæður, félagslyndar, þegar öllu er á botnin hvolfst eiga þær að ná velgengni á öllum sviðum samfélagsins frá byrjun, þær eiga að vera „ég get allt – stelpan“. Harris segir líka að núna sé flott að vera stelpan, enda sé æskudýrkunin ríkjandi í vestrænu samfélagi. Unga, ákveðna, fallega stúlkan er aðalatriðið í fjölmiðlum og afþreyingarefni samfélagsins. Heimsfræga söngkonan Madonna sem komin er á sextugsaldur er enn að syngja um hvernig það sé að vera stelpan eins og segir í titli eins lagsins hennar, „*What it Feels Like for a Girl*“. Ungar, sjálfstæðar aðlaðandi konur hafi lengi verið notaðar til þess að selja vörur. Þær eru búnar til fyrir markaðinn, „unga velgengnis konan“ er orðin að endurnærandi afli fyrir markaðssetningu. Eitt dæmi sem Harris tekur er auglýsing fyrir varagljáa, þar sem er mynd af fallegri hvíttri stúlku og á myndinni stendur „ég veit að ég mun njóta

velgengnis“. Á myndinni er gátlisti þar sem eftirfarandi er upptalið;

- Ég er með heila.
- Ég er með varagljáa.
- Ég er með framtíðarplön.
- Ég hef val.
- Ég get skipt um skoðun.
- Ég er stelpa.

Ungar konur þurfa að vera kynferðislega aðlaðandi og gáfaðar og þá er komin uppskrift að pottþéttri velgengni. (Harris, 2004:21)

Í lífi konu eru margir hlutir sem eiga að vera í fyrsta sæti í forgangsröðinni. Nú til dags er þó gert ráð fyrir því að starfsframinn skuli vera örlítið ofar en allt annað. Það er að segja þær eiga að vera komnar á öruggan stað í vinnu áður en þær hefja barneignir. Barneignir þykja samt flottar og kynþokkafullar og er eitthvað sem hægt er að gera án þess að fórna þurfi fegurð, skemmtun eða vinnu. Það er vel hægt að gera óléttu að tískufyrirbæri og gott tækifæri til þess að sýna fallegan stóran maga á annars vel vöxnum líkama. Frægu stjörnurnar frá Hollywood eru duglegar í að gefa ráð og sýna hversu auðvelt er að losna við aukakílóin eftir barnsburð. Börn eru nefninlega mikilvægur fylgihlutur „ég get allt – stelpunnar“ á meðan barneignir eru skipulagðar á fullkomlega réttum tíma. (Harris, 2004:25) Börn sem koma fyrirvaralaust eru ekki jafn viðurkennd og þessi sem koma þegar gert er ráð fyrir þeim. Þessar „ég get allt – stelpur“ eiga upplifa glamúr lífstíl, frama og velgengni í starfi og hafa skipulagðar barneignir. Staðalímyndin er orðin öfgafull og ómöguleg að uppfylla, búið er að búa til ofurkonu. Myndin sem Harris dregur upp af nútímakonunni er sannfærandi og má sjá dæmi um hana víða. Hún birtist í öllum helstu tískutímaritum, auglýsingum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum í dag, bæði íslenskum og erlendum. Unglings- og poppstjörnurnar spretta upp hver á eftir annarri og eiga að vera fyrirmyndir. „Ég get allt – stelpan“ er ofurkona og lifir á tímum ofurraunveruleikans.

2.kafli - Ofurveruleiki

Eftirlíkingin af raunveruleikanum er orðin raunverulegri en raunveruleikinn sjálfur, segir Jean Baudrillard, menningarfræðingur og póstmódernisti, jafnframt segir hann að raunveruleikinn sé ekki lengur eins og hann hafi verið áður fyrir. Það sé auðvelt að blekkjast og trúá á eftirlíkinguna, missa sambandið við raunveruleikann og Baudrillard segir að fólk nútímasamfélags leggi sitt af mörkum í dag til þess að komast sem næst eftirlíkingunni. Þessa eftirlíkingu er að finna allt í kringum okkur og þá einna helst í alnánd fjölmiða og taumlausri neysluhyggju. (Baudrillard, 2000:7) Sem neytendur verðum við fyrir hundruðum mismunandi skilaboðum á hverjum degi og berast þessi skilaboð með ýmsum hætti.

2.1.Fjölmiðlar og áhrif þeirra

Fjölmiðlar eru einn helsti og valdamesti áhrifavaldur samfélagsins, þeir eru ekki einungis gluggi að upplýsingum, fréttum, fræðslu og skemmtiefni, heldur valdataeki. Þeir endurspeglar skoðanir, viðhorf og umræðu fólks í landinu og veita stjórnámálum aðild og aga. Þannig stjórna þeir því hvaða skoðanir við heyrum, hvað kemur fyrir sjónir almennings og hverjir fá að koma málefnum sínum á framfæri. Með þessu hafa þeir gríðarleg áhrif á viðhorf almennings og skoðanir til manna og málefna. (Fill, 2005) Fjölmiðlar eru annars vegar miðstýrðir, þar sem er til staðar manneskja sem stýrir því hvað birtist og hvernig það birtist og hins vegar dreifistýrðir eins og internetið þar sem allir geta sagt hvað sem er og birt hvar sem er. Fjölbreytt flóra fjölmiðla stuðlar að líflegri og fjölbreyttri menningu. Fjölmiðlar skapa orðræðu fólksins. Í orðræðunni felst vald. Hvernig talar fólk sín á milli, hvaða talar það um og hverju trúir það. Fjölmiðlar ákveða hver sannleikurinn er og þannig búa til eftirlíkingu raunveruleikans fyrir almenning. (Fill, 2005)

Fjölmiðlar geta haft góð eða slæm áhrif, af því algengt er og þá sérstaklega hjá ungu fólki að leita til fjölmiðla eftir fyrirmyndum, oft getur það valdið vonbrigðum. Ungt fólk lærir af því sem það sér í fjölmiðlum og með neikvæðri umfjöllun geta fjölmiðlar haft neikvæð áhrif á upplifun fólks. (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006) Með óraunsæum hugmyndum um til dæmis líkamsvöxt kvenna, geta stelpur orðið óöruggar með sinn eigin líkama og reynt að gera það sem þær geta til þess að breyta honum og aðlagast eftirlíkingunni.

2.2.Ofurveruleiki

Í veröld upplýsingatækninnar sem nú ræður ríkjum eru allstaðar skilaboð að finna um hvernig „hinn rétti“ raunveruleiki skal vera, uppskrift af raunveruleikanum er búin til. Veruleikinn er sniðinn fyrir fólkið í landinu svo að fólkið getur aðlagast veruleikann að eftirlíkingunni. Það er erfitt að trúá á sinn eigin raunveruleika þegar eftirlíkingin er orðin sterkari. Þetta er kallað ofurveruleiki, þegar

ekki er lengur hægt að greina mun á raunveruleika og eftirmyndum hans. Ofurveruleikinn er ekki aðgreindur frá raunveruleikanum heldur er hann viss aðferð til að setja fram og skynja veruleikann. Ofurveruleikinn er ýktur veruleiki, veruleiki sem reynir að flýja sjálfan sig. (Baudrillard, 2000:14)

Fjölmiðlarnir búa til ofurveruleikann, eins og áður hefur verið minnst á, hann verður smám saman að raunverulegri hlið heimsins. Í ofurveruleikanum verður hamingjukrafan til, krafan sem er lögð á samfélög ofurveruleikans, krafan um það að vera hamingjusamur. Hamingjukrafan teygir sig í allar áttir þar sem hamingja fólks veltur á mismunandi hlutum, hin fullkomna, eina sanna uppskrift að hamingju er ekki enn fundin en hún er í sífeldri mótun og aðlögun. Hamingjukrafan er borin á borð sem lífstrygging, sem eins konar mannréttindi eða úrvals neysluvarningur. (Baudrillard, 2000:20) Þessi hamingjukrafa er ríkjandi í nútímasamfélögum. Fólk gerir sitt besta til þess að verða hamingjusamari og einnig aðstoðar aðra við leit þeirra að aukinni hamingju.

Baudrillard skrifar á sínum tíma að samfélagið hafi, að verulegu leyti, farið fram úr markmassa sínum, vegna fólksfjölgunar, ofgnótt eftirlitskerfa, samskipta og alhæfingar hins almátta samfélags, þetta veldur sprengingu á raunveruleikasviði samfélagsins. Þegar allt er samfélagslegt verður skyndilega ekkert samfélagslegt. (Baudrillard, 2000:64) Okkar samfélagslegi raunveruleiki þykir leiðinlegur, ómerkilegur og ekkert spennandi samanborið við hinn ósamfélagslega og tilbúna ofurveruleika.

Eitt helsta afþreyingar efni vestræns samfélags í dag eru lífstíls- og raunveruleikaþættir, þar birtist ofurveruleikinn í sinni skýrustu mynd. Þættir um venjulegt fólk sem lifir ýktu raunverulegu lífi eða þættir sem ganga út á það að kenna almenningi hvernig skal lifa.

3.kafli - Ofurkona í ofurveruleika

Veruleikafirringin og upplýsingatæknin er komin langt eins og sagt er frá í kaflanum hér á undan. Firringin finnst víða og er einna mest áberandi í skilaboðum sem eiga að höfða til ungra kvenna. Raunveruleiki ungra kvenna hefur verið gerður útlægur og firrtur og er þar af leiðir orðinn að ýktu og öfgakenndu fyrirbæri.

Staðalímynd nútímakonunnar er orðin að ofurkonu. Ofurkonan er hugmynd sem ómögulegt er að uppfylla, hún er of ýkt og öfgakennd eins og minnst hefur verið á áður, fullkomin bæði kynferðislega og viðskiptalega. Kröfur ofurkonunnar eru nákvæmar, markvissar og kafa djúpt í persónuleg mál hinnar venjulegu konu.

3.1.Ofurkonan

Ofurkonan er að sjálfsögðu hamingjusöm en einhverra hluta vegna eru enn ekki allar konur vestræns samfélags orðnar að hamingjusömu ofurkonunni og halda óþreyjufullar leit sinni áfram. Vegna þessa eru enn framleiddir lífstílsþættir, sjálfshjálparbækur, greinar og fleira um hverju skal breyta til þess að ná framförum í eigin lífi, það er líka alltaf hægt að verða meiri og betri ofurkona, fullkonnunni verður aldrei náð. Í þessu má hins vegar sjá óleysanlega vanda þversagnarinnar. Ofurkonu ímyndin er nefninlega of tvístruð. Ekkert má fara út í öfgar, hún skal vera stolt en á sama tíma sýna mikla hógværð, hún skal ná langt í vinnu en ekki vinna of mikið af því hún þarf líka að vera hin fullkomna móðir og vera virk í félagslífinu. Þversögnin liggur í því að gæta hófs í öllu, vera „miðlungs“ í öllu en samt ofurkona.

Dæmi um þetta er að ofurkonan á að eignast barn á réttum tíma. Barnið má koma þegar hún hefur náð öruggum og góðum stað í atvinnulífinu, annars kemur barnið til með að hindra hana í því. Samt sem áður má hún ekki bíða með að eignast barnið of lengi, af því auðvitað verður hún að vera ung móðir til þess að heilsa barnsins skaddist nú ekki. (Harris, 2004:73) Ofurkonan verður einhvernvegin að snúa á raunveruleikann og vera skrefi á undan honum.

3.2.Klámkynslóðin

Unglingar í dag eru af kynslóð sem kölluð er klámkynslóð. Í fjölmiðlum er alltaf stutt í klámið og það er þunn lína á milli kynlífs og kláms. Guðbjörg Hildur Kolbeins, doktor í fjölmiðlafræði skrifar segir að ungt fólk sem elst upp við klám í umhverfi sínu myndi klámkynslóðina. Klámið hefur þau áhrif að ungmennin tileinki sér þann boðskap og þau viðhorf og lífsgildi sem í því eru falin. Undanfarin ár hefur klámiðnaðurinn fært sig af jaðrinum inn í daglegt líf fólks í gegnum sjónvarpið, auglýsingar, tónlistarmyndbönd og internetið. (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006). Í kláminu er ekkert lengur sem kitlar þrána. Löngunum hefur verið gefinn laus taumur og samfélagið er komið

inn á svið sem felur í sér gegnsæi kynlífs og kynfæra, inn á svið ímyndunar og tákna þar sem allir leyndardómar og tvíræðni eru afmáð. (Baudrillard, 2000:67) Klámið er nánast út um allt og þess vegna ekki lengur greinanlegt sem slíkt vegna þess. Grunnþættir þess eru samofnir allri sjónrænni tækni; sjónvarpi og sjónmenningu. (Baudrillard, 2000:68) Ærslaleikur klámsins er settur upp í lágkúrulegum auglýsingum þar sem kvenlíkaminn er óspart notaður, útglenntir kynlífsórar og kynlífskúgun. Allt þetta endalæsa kynlífs- og táknsvall hlýtur að öðlast merkingu í einhverju samhengi. Sem stendur stundum við það í kaldhæðnu afskiptaleysi.

Norræna ráðherranefndin gerði rannsókn á klámnotkun ungmenna á Norðurlöndunum. Árið 2005 var rannsóknin gerð á Íslandi, 323 unglingar á aldrinum 14 til 18 ára svöruðu ákveðnum spurningalista. Niðurstöður leiddu í ljós að 96% stráka og 89% stelpna höfðu séð klám. Algengasti aldur ungmennanna yfir að hafa séð klám í fyrsta skipti var 11 til 12 ára en 60% svarenda tóku það fram að þau hefðu séð klám gegn eigin vilja. Oftast höfðu unglingarnir séð klám í sjónvarpi, á netinu eða í klámblöðum. Athyglisvert er að margir töldu sig einnig hafa séð klám í dagblöðum og almennum tímaritum. (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006). Hvað getur klámið táknað í ofurklæmdum heimi? Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom einnig í ljós að mikill munur var á viðhorfum kynjanna til kláms. Stelpum fannst yfirleitt klámið ógeðslegt og það leiddi til nauðganna og vændis, en strákum fannst það skemmtilegt og töldu að það veitti þeim upplýsingar um kynlíf. Guðbjörg skrifar um rannsóknir sem hafa verið gerðar á klámi í fjölmiðlum. Hún segir frá að í einni rannsókninni var athugað hvort að fjölmiðlar hefðu góð eða slæm áhrif á viðhorf fólks til kynlífs. Niðurstöðurnar beindust aðallega að neikvæðum afleiðingum og fátt hægt að segja um góðu áhrifin. Rannsóknir þessar hafa beinst aðallega að ungu fólki þar sem fjölmiðlar geta haft mótandi áhrif á viðhorf og hegðun óþroskaðra unglunga. (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006)

Þegar klámið er komið af jaðrinum og nær daglegra lífinu getur það gefið ómótuðum unglingum miklar ranghugmyndir um kynlíf og ástir.

4.kafli - Leiðbeiningar til lækningar

Leiðbeiningar til lækningar var dansverk, frumsýnt 4.febrúar 2011 í Smiðjunni, rými Listaháskóla Íslands. Umfjöllunarefnið í verkinu var hin fyrrnefnda og merkilega ofurkona, „ég get allt-stelpa“ eða eins og hún var kölluð í verkinu, hamingjuprinsessan. Markmið verksins var að benda á þversögnina í öllum kröfunum sem eru lagðar á konuna um að vera ofurkona. Það er einfaldlega ekki hægt að setja starfsframa, barneignir, félagslíf, kynlíf og útlit allt í fyrsta sæti. Í verkinu var unnið með afbyggingu og þversögnin gerð sýnileg í bæði texta, hreyfingum, myndum og tónlist. Dansverkið var unnið út frá fyrirlestraformi, svo að verkið varð frumlegur fyrirlestur þar sem allt ofantalið kom fyrir. Hugmyndir um ofurkonuna voru brotnar niður, teknar úr samhengi svo að þversögnin stóð ein eftir, hugmyndin um „hina einu sönnu konu“ var afbyggð, ofurkonan var opnuð og krufin.

4.1 Afbygging

Afbygging er eitt þekktasta hugtak franska heimspekingsins Jacques Derrida. Hugtakið er notað um túlkun sem skekur undirstöðu merkingarmynstra, oftast með því að benda á ýmiss konar innri mótsagnir. Linda Kintz, tala um afbyggingu í grein sinni um að setja afbyggingu á svið, hún vitnar í viðtal sem tekið var við Derrida árið 1985 í háskólanum í Miami. Sem aðferð er afbyggingu oft beitt þannig að reynt er að finna smáatriði í texta sem í raun eru frumforsendur sem lesandi þarf að fallast á til að samþykkja hann. Afbyggjandinn opnar hins vegar textann og túlkar hann öðurvísi með því að hafna frumforsendunni. (Kintz, 1990)

Afbygging er hugtak og aðferð sem kennd er við póststrukturalisma, til textagreiningar. Aðferðin felur meðal annars í sér að reyna að komast handan þess sem viðtakendur ganga að sem hefðbundnum sannindum í frásögn. Í viðtalinu segir Derrida þó að aðeins þeir sem hafa æfingu í því að kryfja í tungumál geti komist undan þessum sannindum. (Kintz, 1990) Hugmyndin um afbyggingu gengur því gegn þeirri hugmynd að lýsa megi „raunveruleika“ í texta, þar sem texti kemur ávallt til með að lúta lögmálum sem höfundur fær ekki komist undan.

Afbygging felur því meðal annars í sér að rýna í tákni og orðræðu, frásagnarform sem kunna til dæmis að vera beygð undir ákveðna hugmyndafræði eða siðaboðskap, auk þess að í hugtakinu felst að finna og greina mögulegar stórsögur. Afbygging er því enn ein leiðin í fræðum til að leiða „það sem sannara reynist“ í ljós. (Pálmi Gautur Sverrisson, 2008)

Kintz segir í grein sinni um afbyggingun að hugsanlega sé notast við afbyggingu til þess að halda einhversskonar spennu í samfélaginu, þó að í raun ættum við að kryfja þessa spennu.

4.2 Texti

Ofurkonan, „ég get allt – stelpan” eða eins og hér á við, hamingjuprinsessan, var burðarhlutverkið í verkinu Leiðbeiningar til lækningar. Hamingjuprinsessunni var lýst sem gáfaðri ungri konu, sem er alltaf í meðaltali eða rétt yfir meðaltali í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur. Allt er miðað út frá henni og til hennar. Hún er ekki ónytjungur, er hæfileikarík og skarar fram úr á allavega einu ákveðnu sviði. Hún er í hamingjusömu sambandi eða er hamingjusamlega einhleyp. Hún getur samsvarað sér á einhvern hátt með helstu kvenkynskvikmyndahetjunum. (Ásrún Magnúsdóttir, 2011) Hamingjuprinsessan passar allsstaðar og það er alltaf pláss fyrir hana.

Hugmyndir fjölmiðla um hvernig skal öðlast meiri hamingju voru afbyggðar og sýnt fram á hversu misviturlegar þær geta verið. Tekin voru dæmi um lítt vitsmunaleg skilaboð í verkinu á borð við: Greiddu á þér hárið, farðu í ræktina, hringdu í vin, brostu meira, þekktu líkamann þinn eða einfaldlega prófaðu að gera eitthvað annað en þú ert vön að gera. Þetta eru einföld og yfirborðskennd skilaboð sem öll beinast að útliti kvenna frekar en innliti svo sett er samansemmerki á milli þess að líta vel út og líða vel að innan.

Höfundur verksins tók fyrir boðorðin tíu þau voru brotin niður, smáatriðin fundin og túlkuð á annan hátt en ætlast er til að þau séu túlkuð. Boðorunum var komið fyrir á óvenjulegum stöðum og þau sett fram á kaldhæðinn máta. Það sama gerði höfundur við stjörnuþána, hún brotin niður og frumhugmynd stjörnuþáarinnar hafnað. Á einum stað verksins var boðorðunum komið fyrir í stjörnuþá nokkurra stjörnumerka. Boðorðin voru því nokkurs konar beinagrind í texta verksins.

Í einum kafla verksins voru þuldar upp ýmisskonar kröfur sem lagðar eru á konur og hvernig niðurstaðan reynist vera að þær skulu reyna að halda sér í miðju allra krafanna Hér kemur brot úr þeim kafla:

„Konur skulu vera jákvæðar, ekki samt eins og Pollyanna af því hún er pirrandi. Hugsa í lausnum, án þess að vera týpan sem heldur hún hafi alltaf rétt fyrir sér. Horfa á skemmtilegt sjónvarpsefni sem kallar fram hlátur sem þó er á sama tíma uppbyggilegt. Velta því fyrir sér hverju hún hefur afrekað, ekki monta sig af því. Gera eitthvað sem veitir orku alls ekki nota fíkniefni. Gera eitthvað sem gleður aðra. Stunda mikið kynlíf, ekki segja fólki frá því af því þá trúir þér enginn. Það er nauðsynlegt að ganga alltaf út frá hamingju, nema gengið sé í gegnum sorgarferli þá skal fylgja sorgarskrefunum. Best er að vera alltaf umkringd hamingjusömu fólki, ekki öfunda þetta hamingjusama fólk.“

(Ásrún Magnúsdóttir, 2011)

Kynlíf er mjög mikilvægur partur af hamingju og það er lögð mikil áhersla á kynlíf í nútíma samfélagi eins og sagt hefur verið að ofan í umræðuna um klámkynslóðina. Þeirri staðreynd er haldið á lofti að þeir sem stundi reglulega kynlíf eru hamingjusamari en þeir sem gera það ekki. Ekki samt stunda kynlíf með ókunnugum, það veitir ekki meiri hamingju. Í framhaldi þessara umfjöllunar var sjöunda boðorðinu, „þú skalt ekki drýgja hór” slengt fram. (Ásrún Magnúsdóttir, 2011)

Textinn í verkinu tók á þversögninni í skilaboðum fjölmiðla um ofurkonuna. Konur eiga

alltaf möguleika á því að verða hamingjusamari, fallelgri og glaðari. Þær þurfa samt að passa sig að verða ekki of hamingjusamar, fallelgar eða glaðar. (Ásrún Magnúsdóttir, 2011)

4.3 Hreyfing

Hreyfingar verksins voru gerðar merkingarlaugar, samhengislausar. Engin uppbygging var í frösum og frasar endurteknir. Hreyfingarnar voru brotnar upp svo sannleikurinn kom í ljós. Hreyfingar voru notaðar til þess að styðja við og drýgja textann. Þær ýttu undir kaldhæðnina í textanum og þannig gáfu aðra og dýpri sýn á umfjöllunarefnið. Aðeins einn dansari var í verkinu svo hún framkvæmdi allar hreyfingar.

Notast var við einn tilbúinn fyrirfram saminn frasa sem síðan var unnið og leikið með á mismunandi hátt. Þegar frasinn var kynntur í fyrsta skipti kom hann í kjölfar lýsingar á hamingjuprinsessunni. Frasinn var þá allur mjög hægur og ýktur (*e. slow motion*). Þar sem reynt var að lýsa raunverulegri líðan hamingjuprinsessunnar með hreyfingum. Andlitið gerði ýkt svipbrigði sem sýndu vanlíðan og litla gleði en þess á milli svakaleg gervibros og tilbúna vellíðan. Auk þess sem hreyfingarnar fóru frá partý hreyfingum, hendur veifa upp í lofti, yfir í gróteskari hreyfingar eins og myndaða byssu sem var beint á áhorfendur og síðan miðað í kok hamingjuprinsessunnar. Markmið hreyfinganna var að benda á að sannleikurinn er ljótur.

Þessi sami frasi kom svo aftur fyrir í verkinu, þá sem andstæða þess sem hafði verið kynnt fyrir. Í þetta sinn var hann mjög hraður og kraftmikill og varð alltaf hraðari og hraðari og ýktari og ýktari, þangað til hann leiddi út í aðrar ýktar og orkumiklar hreyfingar sem dansarinn missti stjórn á að lokum. Þessi orkumikli frasi var dansaður og á meðan flutt skilaboð fjölmiðla um hvernig hamingjuprinsessan skal haga sér. Ein hreyfingin sem afbyggði textann á skýran hátt fylgdi í kjölfar setningarinnar „gerðu eitthvað sem gleður aðra“ þá lagðist dansarinn á gólfíð og lá letilega á maganum og hreyfði rassinn upp og niður með fýlulegt og slappt andlit. Hreyfingin minnti á kynlífssenu en það kom skýrt í ljós að hún var ekki gerð frá hjartanu eða að eigin vilja heldur einungis til þess að gleðja aðra.

Höfundur hlaut aðstoðar ungra fimleikadregja. Á einum stað verksins, eftir hlutann þar sem kröfur ofurkonunnar voru taldar upp, var flutt setningin „vertu framúrskarandi á allavega einu ákveðnu sviði, mér er alveg sama á hvaða sviði, bara framúrskarandi.“ Svo yfirgaf dansarinn sviðið í fyrsta sinn. Inn á sviðið komu fimleikastrákarnir gangandi á höndum í fullkominnri röð og sýndu fullkominn styrk og algjöra samhæfingu. Strákarnir voru andstæða við dansarann, það sem fyrst ber að nefna var að þeir voru allir karlmenn en dansarinn kona. Þeir komu inn á sviðið sterkir og stæðilegir og sýndu fram á það hversu framúrskarandi þeir voru á þessu sviði, sýndu fegurðina og fullkomnuna annað en dansarinn sem þurfti að yfirgefa sviðið fyrir þeim. Strákarnir voru notaðir sem skraut fyrir hann, og sýndu engin raunveruleg tengsl.

4.4 Tónlist

Tónlistin var í höndum brass hljómsveitar. Hljómsveitinni var allri komið fyrir undir hvítu fallegu tjaldi þar sem þau stóðu með sín gylltu blásturshljóðfæri og trommusett í svörtum sparifötum. Þau komu inn í verkið á nokkrum stöðum, þegar þau voru ekki að spila var þeim eytt af sviðinu, þeim var eytt þannig að tjaldinu var snúið, þakið á tjaldinu var sett fyrir framan þau svo að þau hurfu úr sjón áhorfenda.

Hljómsveitin hóf verkið með því að spila frægt bíómyndastef sem er gjarnan spilað áður en bíómynd byrjar. Svo að tónlistin gaf til kynna að eitthvað stórkostlegt væri að fara að gerast, en það stóð ekki lengi þar sem lokað var á þau fljótt með tjaldinu. Afbyggingin í tónlistinni var áberandi þáttur. Unnið var með hana þannig að ýmist var lokað á þau með tjaldinu eða þau byrjuðu hvert lag fallega, mjúklega og í takt. Þegar leið á varð lagið hraðara og hraðara svo takturinn varð óreglulegur og týndist. Einnig fjöruðu lögin oft út á niðurdrepandi hátt og svo endanlega lokað á þau þegar tjaldið var sett niður.

Tónlistin var líka oft í andstæðu við hreyfingarnar til dæmis var dansinn hægur þegar tónlistin var hröð og fjörug á einum stað verksins.

Kafli 5 - Lokaorð

Ofurkonan lifir á tímum ofurveruleikans, hún er búin til af miðlum samfélagsins og er kona sem gert er ráð fyrir að líkist eftirlíkingu raunveruleikans eftir sinni bestu getu. Kona í nútímasamfélagi sem á sama tíma reynir að uppfylla kröfur ofurkonunnar þarf einnig að berjast fyrir jafnrétti og þannig leggja kröfur á samfélagið um að breytast.

Ofurkonan er ósanngjörn að því leiti að enginn getur eignast barn á fullkomlega réttum tíma, náð óaðfínanlegri velgengni í atvinnulífinu, lifað frábæru kynlífi og litið alltaf út eins ung poppstjarna. Hversu langt munu ofurkonu kröfurnar komast til með að ganga? Líklegast munu þær halda áfram að þróast og breytast og aðlagast breytingum samfélaganna hverju sinni, hvort sem þær verði ýktari eða muni dragast úr þeim. Á tímum sem við lifum núna er veruleikafirringin gengin langt og það er erfitt að sjá fyrir endann á henni og ómögulegt að sjá hvernig hún getur haldið áfram, hvaða stefnu hún mun taka næst.

Algeng orðræða í vestrænu nútíma samfélagi, er að því er haldið fram að fullkomnu jafnrétti sé náð, en því er fjarri og miður, eins og tölur um launamismun bentu á í fyrsta kafla. Hvers vegna ætli það sé? Ætli það sé vegna þess að sannleikurinn er niðurdrepanði, að þrátt fyrir allar tilraunir til breytinga og uppfærslu er kynjamisrétti enn stór partur af lífi okkar. Slíkt ástand er hinsvegar algjörlega á skjön við þær upplýstu hugmyndir sem við þykjumst aðhyllast og eiga að leiða okkur í átt að jafnari og betri heimi. Líkt og Anita Harris leggur mikla áherslu á í bók sinni mega ungu konurnar ekki gefast upp í í baráttunni. Kynslóðirnar á undan hafa komist langt og það er mikilvægt að halda þeirri þróun áfram, af því það er hægt að komast lengra. Ungar konur hafa því miður ekki efni á því að slaka á og einungis njóta þess sem þær eldri náðu fram á sínum tíma.

Niðurstaða verksins, Leibeiningar til lækningar, var; vertu miðlungs í öllu og öllum líkar vel við þig. Ekki vera miðlungs í vinnu eða hæfileikum, þar skaltu skara fram úr. Vertu framúrskarandi á allavega einu ákveðnu sviði, það skipti ekki máli á hvaða sviði, bara framúrskarandi. Auk þess benti verkið á útlitsdýrkunina sem á sér stað. Því betur sem kona lítur út að utan, því betri er hún að innan. Verkið beindi einmitt sjónum að helstu veikleikum í ímynd konunnar, það er þversögnunum í skilaboðum til ungra kvenna, en þar er einmitt dansleikhúsið mjög öflugur miðill, því með samblandi texta, hreyfingar og tónlistar er hægt að sýna misvísandi skilaboð samtímans, sem afhjúpar og afbyggir rökhugsunina og hugmyndirnar að baki staðalímyndinni.

Heimildaskrá

Ásrún Magnúsdóttir. (2011). *Leiðbeiningar til lækningar*. Smiðjan, Sölvhólgata 13.

Baudrillard, Jean. (2000). *Frá Eftirlíkingu til eyðimerkur*. Geir Svansson, Ólafur Gíslason, Þröstur Helgason íslenskuðu. Reykjavík: Bjartur.

Bhabha, Homi K. (1983). *The Other Question...* Screen. Sótt 24.apríl af <http://screen.oxfordjournals.org/content/24/6/18.extract>

Fill, Chris. (2005). *Marketing Communications: Engagement, Strategies and Practice*. (4. Útgáfa). England: Prentice Hall

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Hvað einkennir svokallaða klámkynslóð?* Vísindavefurinn. Sótt 14.apríl af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6429>

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Hafa fjölmiðlar góð eða vond áhrif á viðhorf okkar til kynlífs?* Vísindavefurinn. Sótt 14.apríl af <http://www.visindavefur.is/svar.asp?id=5828>

Harris, Anita. (2004). *Future Girl: Young Women in the Twenty-first Century*. New York: Routledge.

Linda Kintz. (1990). *On Performing Deconstruction: Postmodern Pedagogy*. Minnesota: University of Minnesota Press.

Pálmi Gautur Sverrison. (2008). *Þjóðríkið afbyggt, godsögnin afhjúpuð? Rýnt í fræðimanninn Guðmund Hálfðanarson og ritið Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk. Seinni hluti*. Hugsandi. Sótt 11.apríl af (<http://hugsandi.is/articles/thjodrikid-afbyggt-godsoegnin-afhjupud-rynt-i-fraedimanninn-gudmund-halfdanarson-og-ritid-islenska-thjodrikid-uppruni-og-endimoerk-seinni-hluti/>)

VR. *Launamunur kynjanna helst óbreyttur milli ára*. Sótt 22.apríl af <http://www.vr.is/index.aspx?groupid=477206>

Þorgerður Einarsdóttir. (2010). *Kreppur og kerfishrun í ljós kyngerva og þegnréttar*. Íslenska Þjóðfélagið. Sótt 1.apríl af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/13/7>

Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2002). *Hvað er kynímynd?* Vísindavefurinn. Sótt 28.mars af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=2628>